



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Þorsteinn R. Hermannsson

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um áætlanir um að setja Miklubraut í stökk - R19090131

Eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði var send umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar:

"Hvert er markmiðið skipulagsyfirvalda borgarinnar með að setja Miklubraut í stökk og hvað vinnst með því?

Er gert ráð fyrir að aksturstíminn styttest eða er markmiðið aðallega að byggja meira t.d. á núverandi helgunarsvæði sem er meðfram götunni?

Ef svo er, hvað er þá gert ráð fyrir miklu byggingarmagni? t.d. háhýsum?"

Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er fjallað um markmið með því að setja Miklubraut í stökk. Í kafla um borgarhluta 3 (Hlíðar, Holt, Norðurmýri) segir: "Neikvæð áhrif bílumferðar á loftgæði og hljóðvist eru mest við Miklubrautina. Að setja hluta umferðar í stökk gæti dregið úr staðbundnum neikvæðum áhrifum. Markmiðið með slíkum stökki væri ekki að auka þjónustustig og umferðarrýmd heldur að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum umferðarinnar og skapa þægilegri og öruggari tengingar milli hverfishlutanna beggja vegna Miklubrautar."

Niðurstöður frummats á þróunarmöguleikum með lagningu Miklubrautar í stökk voru kynntar í borgarráði í lok janúar 2018. Meginniðurstöður voru eftirfarandi:

"Frummat bendir til þess að fýsilegt sé að setja meginstraum umferðar á Miklubraut í stökk frá Snorrabraut og austur fyrir Kringlu.

- Með því megi bæta samgöngur allra ferðamáta, skapa góðar aðstæður fyrir almenningsamgöngur, gangandi og hjólandi og styðja vöxt vistvænni samgangna.
- Með því megi draga mjög úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar á loftgæði og hljóðvist þar sem þau eru mest í borginni. Skapa megi mun betri N-S tengingar milli hverfahluta fyrir um 17 þús. manns sem búa á svæðinu í dag.
- Með því megi þróa byggð á vannýttum veghelgunarsvæðum – fjölga íbúðum og byggja upp atvinnu og þjónustu á eftirsóttum reitum, miðsvæðis í borginni. "

Fram kemur í niðurstöðunum að umferðarspár benda til að aksturstími styttest og að byggingarmagn gæti orðið yfir 200 þús. fermetrar. Sjá nánar í niðurstöðum sem eru aðgengilegar hér:

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_frettir/2018-01-30_miklabraut_i_stokk_-_frummat_a_throunarmoguleikum.pdf



Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri